

# Svipmyndir að utar


## Danmörk: Lofsamlegir dómar um sýningu íslenzkrar listakonu

● ÍSLENZK listakona sem er búsett í Danmörku, Marfa Ólafsdóttir, hélt fyrir nokkru sýningu á verkum sínum í Galleri Soer. Morgunblaðið hafa borizt úrklippur um sýninguna og er þar farið lofsamlegum orðum um listakonuna og verk hennar. Í gagnrýni um sýninguna segir meðal annars að þó ekki væri nema fyrir verkið „Þórhildur lægir öldurnar“ myndi það duga til að taka af öll tvímæli um hina ágætu hæfileika Marfu. Þar sé um að ræða endursköpun á fornri íslenzkri sögn um konu sem hafði yfirnáttúrulega hæfileika og beitti þeim óveðursdag einn til að lægja öldurnar svo að bátar kæmst heilir í höfn.

Í viðtali við Marfu í telfni sýningarinnar í öðru dönsku blaði

segir hún aðspurð að sérstæð náttúra Íslands ráði því að jörð, vatn, eldur og loft séu mjög ráðandi í myndum hennar. Hún segir einnig að á Íslandi sé enn þjóðtrú við lýði enda þótt hún hafi breytt þá því sem áður var. Hún hafi í myndum sínum orðið fyrir miklum áhrifum af gömlum íslenzkum ævintýrasögnum. Álfasögum og í þessu liggi ef til vill að nokkru skýringin á því að hún máli ekki danskt landslag. Hún hafi að vísu gert það, en danskt landslag leysi ekki úr læðingi krafta hennar til slíks eins og íslenzk náttúra geri.

Marfa Ólafsdóttir nam við Handföa- og myndlistaskólann í Reykjavík árin 1941—43. Hún var í Listaakademíunni í Kaup-



Eitt af verkum Marfu sem var á sýningunni í Galleri Soer.

mannahöfn árin 1946—52 og fór í námsferðir til Hollans og Frakklands. Hún hefur fengið ýmsar viðurkenningar í Danmörku fyrir listsköpun sína og meðal annars fengið styrk úr Ackers-

berg—Thorvaldsensjóðnum, Anne E. Munchssjóðnum o. fl. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum einka- og samsýningum og hefur í 26 ár verið félagi í dönsku listamannasamtökunum Se.

## Bandaríkin: Staða konunnar hefur gerbreytt á 17 árum

● Æ fleiri Bandaríkjamenn stofna til óvígórar sambúðar og æ fleiri hjónabönd enda með skilnaði og fimmta árið í röð voru Bandaríkjamenn með færstar barnsfæðingar. Þetta kemur fram í árlegri könnun bandarísku tölfræðistofnunarinnar. Enn búa að vísu aðeins 1,3 milljón Bandaríkjamanna í óvígóri sambúð en, talan hefur tvöfaldast síðustu sjö árin og öll sólarmerki benda til að sú þróun haldi áfram.

Á árum áður bjuggu bandarísk ungmenni heima hjá foreldrum sínum unz þau gengu í heilagt hjónaband, en nú færast það í vöxt að ungmennin vilji búa út af fyrir sig áður en til hugsanlegs hjónabands kæmi.

# „Fátækt fólk“

## YFIRLÝSING

Í bókinni „Fátækt fólk“ lýsir hr. Tryggvi Emilsson heimilinu á Draflastöðum í Sölvadal á mjög óhugnanlegan hátt. Við undirrituð, sem þekktum vel þetta heimili á þeim árum sem Tryggvi var þar, furðum okkur á þessari frásögn hans og getum ekki trúð henni.

Lýsum við hér með yfir andstyggð okkar á þeim þætti bókarinnar sem fjallar um heimilislífið á fyrrnefndum bæ.

Ketill S. Guðjónsson  
Þorvaldur Guðjónsson  
Hjalti Guðmundsson  
Kristín Sigurðardóttir  
Stefán Benjamínsson  
Jóhann Sigurðsson

### Greinagerð

Laust fyrir síðustu jóla kom út bókinn „Fátækt fólk“ eftir Tryggva Emilsson. Fáar bækur munu hafa vakið meira umtal víða um land en þessi bók. Þó mun það umtal hafa orðið einna mest hér í eyfiskum sveitum sem eðlilegt má telja þar sem þessar frásagnir Tryggva eru mestar úr Eyjafirði og af Akureyri. Nokkrar umsagnir um bókina hafa birst í blöðum og er henni þar yfirleitt hælt, einkum fyrir ágæta frásagnarhæfileika höfundar og góðan stíl. Má það til sanns vegar færa.

Allmargir munu þó vera ofan moldar sem muna þá tíma er þessar æviminningar Tryggva spanna yfir og áttu heima í fjölda ára í næsta nágrenni við þá staði sem bókinn getur um og mesta athygli hafa vakið í frásögninni. Við, sem vorum í 15 til 20 ár á næstu bæjum við Draflastaði í Sölvadal og áttum þess kost að koma þar við og við og hafa ýmis konar samskipti við heimilisfólkið á bænum eins og gerist á nágrennabæjum í sveit, viljum lýsa megnri andúð okkar á þeim ógnvekjandi frásögnum Tryggva af fólkinu þar og framkomu þess við hann og fullyrðum að þetta á sér engan stað. Hjónaleysunum á Draflastöðum, Sigfúsi og Guðrúnu, er lýst sem fullkomnum óþökkum og er þá ekki of sterkt til orða tekið. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þetta fólk fékk almenningssorð fyrir að vera sómafólk, glæðlynt í viðræðum og á engan hátt til

baka haldið né hafa tilburði til að einangra sig.

Eitt af því sem vekur okkur einna mestar andstyggðar í sambandi við frásögn Tryggva af Draflastaðaheimilinu er það tillitsleysi sem fram kemur gagnvart afkomendum þessa fólks sem enn er á besta aldri. Til glöggvunar á þessu skal fram tekið að þau Sigfús og Guðrún giftust nokkru eftir að Tryggvi fer alfarinn frá Draflastöðum. Áttu þau eina dóttur barna. Þekkti hún föður sinn ekki neitt því hún er aðeins 4 ára þegar hann deyr. Nú er hún húsfreyja á ágætu heimili hér í firðinum og á uppkomin börn. Þess er vert að geta að hún er rómuð fyrir góðvild og myndarskap.


Menn geta giskað á hvert áfall það hefur verið fyrir þessa konu að fá allt í einu þessa viðbjóðslegu lýsingu af foreldrum sínum í bók sem seld er um allt land. Manni býður í grun að þarna sé verið að reyna að kitta eyru lesenda bókarinnar með skáldlegum tilþrifum og æsandi sögum.

Eitt er enn sem vekur athygli í sambandi við vist Tryggva að Draflastöðum og það er að Emil, faðir hans, hikar ekki við að láta son sinn vera 3 sumur og einn vetur í þessum kvalastað. Hann sýnist ekki hafa neina tilburði til að taka drenginn þaðan fyrr en seint og síðar og koma honum í aðra vást. Þó hefði hann eflaust átt að vita, eftir sögusögn Tryggva, hvernig að honum var búið á þessu heimili.

Sögusviðið í Öxnadal er okkur óviðkomandi en við höfum þó góðar heimildir fyrir því, að þar sé farið rangt með ýmis atriði og vekur það grun um óvandaða heimildaöflun eða oftrú höfundarins á eigið minni.

Tryggvi segir að Draflastaðir séu nú í eyði en ekki er þetta rétt hjá honum. Jörðin er byggð og hefði hann því getað sparað sér vangaveltur um það atriði á bls. 110. Fleiri villur mætti nefna en þær skipta litlu máli.

Okkur er það vel ljóst að þó við sendum þessar athugasemdir við skrif Tryggva um vist hans á Draflastöðum í fjöllesnustu blöð landsins í dag þá mun fljótt fyrnast yfir þær og fólk gleyma því að þær hafi nokkurn tíma birst. Hinsvegar mun bókinn „Fátækt fólk“ áfram vera til og verða lesin í framtíðinni sem einhver sannfræðilegasta lýsing þeirra sagna á þeim tíma sem hún fjallar um.



Ein myndanna á sýningunni — Teikning eftir Kerry Kennedy

## Kjarvalsstaðir:

# „12 brezkir listmálarar“

SÝNING á verkum listamanna frá Bretlandi fer fram í vestursal Kjarvalsstaða dagana 14. maí til 5. júní. Sýningin nefnist „12 brezkir listmálarar“. Fyrir sýningunni standa Listráð á Kjarvalsstöðum og Arts Council í Bretlandi og er þetta stærsta sýning á brezkri nútímalist sem haldin hefur verið hér á landi og raunar fyrstu meiriháttar menningarsamskipti Íslands og Bretlands eftir þorskastríð, segir í fréttatilkynningu Listráðsins. Sýningin verður opnuð n.k. laugardag kl. 16 af Kenneth East, sendiherra Bretlands hér á landi.

Listamennina tólf valdi framkvæmdastjóri Listráðs, Aðalsteinn Ingólfsson, í samráði við breskan sérfræðing, Sue Grayson frá Serpentine Gallery í London,

en sú stofnun er rekin af breska listaráðuneytinu. Mun Sue Grayson aðstoða við uppsetningu sýningarinnar. Verkin eru 100 talsins, allt frá frummyndum gerðum með blýanti, vatnslitum eða krít og upp í 3 x 4 metra málverk.

Listamennirnir eru allir ungir að árum, frá 30—37 ára og tiltölulega nýlega farnir að láta bera á sér með sýningum og annarri starfsemi, en allir kenna þeir við listaskóla í Bretlandi. Þeir voru ekki valdir með það fyrir augum að gefa vítt yfirlit yfir breska myndlist, heldur þann hluta hennar sem enn grundvallast á notkun málningar og byggir bæði á amerískri arfleifð og enskri náttúrutúlkun, með snert af geometríu. Listamennirnir eru:

Colin Cina, Julian Cooper, Mike Crowther, Jennifer Durrant, Paul Hempton, Knighton Hosking, Kerry Kennedy, Barry Martin, Alan Miller, Alex Thomson, David Whitaker og Tony Wilson, — en í hópnunum eru Englendingar, Skotar, Íri og einn Astrálfur.

Í sambandi við sýninguna mun Listráð gefa út vandaða sýningarskrá, þar sem einn listmálaranna, Barry Martin, gerir grein fyrir viðhorfum sínum og félagi sinna, en annar listamaður, Colin Cina, mun flytja fyrirlestur sunnudaginn 15. maí um breska málara-list. Síðar í mánuðinum mun Aðalsteinn Ingólfsson kynna breska málra og höggmyndalist eftirstriðsáranna og Rut Magnússon, Jónas Ingimundarson og blásaratríó flytja breska tónlist.